


# Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Eldur af  
himnum  
sendur



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus; Alastair  
Paterson

Aðlagað af: E. Frischbutter

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson


Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

©2021 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta  
þessa sögu, en ekki selja.




Útlitið var orðið slæmt í Ísrael.  
Konungur og drottning voru  
hatursfull gagnvart Guði.



Þvílík fyrirmynd! Fyrr en varði, var fólkið líka upp á móti Guði, og fór að tilbiðja falska guði. Var þar nokkur sem elskaði Guð?



Jú, það voru fáeinir trúfastir  
tilbiðjendur. Dag nokkurn talaði  
Guð til eins þeirra, Elía að nafni.



Elía sagði við Akab,  
kónginn vonða:  
"Svo sannarlega  
sem Drottinn,  
Guð Ísraels,  
lifir, skal  
hvorki drjúpa  
dögg né regn  
þessi árin,  
nema ég segi  
svo til um."



Þetta táknaði  
hallæri! Guð  
mundi ekki  
leyfa fólki  
sínu,  
Ísraelum,  
að halda  
áfram þeirra  
syndsamlega  
lífarni.





Eftir að  
Elía hafði  
varað

konung við, sendi Guð hann á  
afskektan stað úti sveit, þar sem  
hann áði við læk nokkurn.








Pá komu hrafnar, af Guði sendir, og færðu honum mat. Þeir færðu honum brauð og kjöt kvölds og morgna. Svo drakk hann úr læknum.






Svo  
kom  
að því,  
vegna


Rigningarleysis, að lækurinn þornði  
upp. Orð Guðs var nú að sannast.





Öll jarðrækt og gróður rénaði  
og olli matarskort og hungri.





Vatnsskorturinn hlítur að hafa  
ollið Elía miklum áhyggjum.



Guð sagði við Elía: "Rístu upp, farðu

til Zarefta  
og dveldu þar  
um tíma. Sjá,  
ég hefi gefið  
ekkju nokkurri  
fyrirmæli

um að sjá  
um þig."



Guð vissi þarfir  
þjóns síns, en  
einkennilega  
fór hann að því.  
Elía þóknaðist  
Guði sínum.



Pegar hann  
kom til  
Zarefta,  
var ekkjan við  
borgarhliðið að  
safna saman  
eldiviði.



Elía kallaði til ekkjunnar:

“Vinsamlegast  
færðu mér  
svolítið vatn  
í krukku,

og  
smá  
bita af  
brauði”.





“Ég hef ekkert brauð,” svaraði  
ekkjan. “Ég á  
aðeins hnefa  
af hveiti,  
og svolitla  
matarolíu

í  
krús.”




Þá sagði konan við Elía, að  
þegar þetta væri  
búið, mundi  
hún og sonur  
hennar búast  
við að deyja

af  
hungri.




“Óttastu ekki!”, sagði Elía. “Bakaðu fyrst handa mér smá brauðköku og færðu mér, og bakaðu síðan handa þér og syni þínum. Hveitið mun ekki klárast, né olían þverra, til þess dags er Drottinn


sendir regn á jörðina á ný.”



Guð stóð við orð sín og framkvæmdi kraftaverk. Konan og sonur hennar höfðu nóg að borða í marga daga, og hvorki hveitið né matarolían þverraði.




Elía bjó hjá þeim um tíma. Dag  
nokkurn skeði sorglegur atburður.



Sonur ekkjunnar  
dó. Elía bar lík  
drengsins til  
herbergis  
upp á  
loftinu.



Hann hrópaði til Guðs og sagði: "Ó Drottinn Guð minn, ég bið þig, láttu sál þessa drengs koma til baka, og lífgaðu hann við." Þvílík, óhugsandi bæn!



Drottinn heyrði bæn Elía og sál  
drengsins kom aftur í hann, og  
lifnaði hann við á ný.




Þegar Elía síðan tók drenginn niður í stofu til móður hans, sagði hún, "Nú veit ég að orð Drottins, sem þú hefur mælt, er sannleikur."







Premur árum síðar sendi Guð Elía  
aftur til konungs til að segja honum:



“Ég ætla að láta rigna á jörðina.” Fara  
og tala við Akab? Kona hans Jesebel  
hafði myrt ...




... hundrað af spámönnum Guðs. En Elía gerði eins og honum var sagt. Hann fór á fund Akabs konungs.




Þegar þeir svo  
mættust, sagði  
Elía við Akab:  
Send þú nú og  
stefndu öllu  
Ísrael á minn  
fund við  
Karmelfjall,


svo og hinum 850  
fölsku spámönnum.



Þar við Karmelfjall  
talaði Elía til  
fólksins. "Sé  
Drottinn hinn  
sanni Guð,  
þá fylgið  
honum."



Elía lét fella tvö naut til fórnunar.  
Hann skipaði svo fyrir að eldur  
skyldi ekki borinn að.



“Þið kallið á nafn guða ykkar, og ég kalla á nafn Drottins. Sá Guð sem svarar með eldi, er hinn sanni Guð.” Þá svaraði allt fólk: “Þetta er vel mælt”.



Frá morgni til kvölds, ákölluðu fölsku spámennirnir guði sína. Þeir dönsuðu og skáru sig með hnífum þar til þeim blæddi. En ekki birtist eldurinn.







Elía lét  
rennbleyta  
viðinn og  
fórnina, svo  
vatnið rann  
allt í kringum  
altarið, og bað  
til Guðs. "Ó  
heyr bæn  
mína  
Drottinn, ...





... svo þetta fólk  
megi læra og vita,  
að þú ert hinn eini  
og sanni Guð..."  
Þá birtist eldur  
Drottins, og  
eyddi fórninni,  
viðnum, altarinu,  
steinunum og  
grassverðinum!



Þegar fólk ið sá hvað skeð  
hafði, féll það fram á  
ásjónur sínar og sagði:  
"Drottinn er hinn sanni  
Guð!"



Og þá sagði Elía: "Takið höndum spámenn Baals. Látið engann þeirra sleppa!"



Elía gerði það sem Akab  
konungur hefði átt að gera  
löngu áður. Hann banaði  
fölsku spámönnunum.



Elía sagði þá  
Akab að nú færi  
senn að rigna. Þá  
birtist smá ský á  
himni.



Það skyldi þó ekki  
ætla að fara að  
rigna, eftir þennan  
hræðilega þurrk, í meira  
en þrjú ár?





Stuttu síðar fylltist  
himinninn af dökkum  
skýjum og vindi, og  
kom þá hellirigning.  
Rigningin var send af  
Guði. Guð sýndi  
fólkinu að Elía hafði  
sagt þeim sannleikann.  
Og Guð sýndi, að hann  
einn, er hinn sanni  
Guð.





Heldur þú að Akab  
hafi heiðrað Guð  
og þjón hans Elía?  
Nei! Staðreyndin  
er, að Jesebel  
reyndi að myrða  
Elía en hann slapp.



Í lokin, féll Akab  
í orustu, og  
hirðfólk hans  
hrynti Jesebel  
niður af háum  
múr. Fallið varð  
henni að bana.





Hvað varð um  
Elía? Dag nokkurn  
sendi Guð eldlegann  
vagn ...





... dreginn af  
eldlegum hestum og  
Elía fór til himins  
í stormviðri.



Eldur af himnum sendur

Sögu þessa úr heilagri ritningu,  
biblíunni,

er að finna í

Fyrri Konungabók 17-19.  
Síðarri Konungabók 2

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,  
sem skapaði okkur, og sem vill að þú  
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem  
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er  
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann  
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á  
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.  
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim  
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður  
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá  
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til  
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá  
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem  
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir  
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig  
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér  
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og  
komið svo til að vera með þér í himnaríki.  
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir  
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á  
hverjum degi!

